

Nd.

430. Frumvarp

til laga um heimild fyrir dómismálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar.

Flutningsm.: Benedikt Sveinsson, Árni Jónsson og Jón Ólafsson.

1. gr.

Dómismálaráðherra er heimilt að veita »Hestamannafjelaginu Fákí« í Reykjavík leyfi til þess að reka veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar með skilyrðum, er ákveðin verði í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumv. þetta er flutt að tilmælum Hestamannafjélagisins Fákis. Þótt fjélag þetta hafi starfað skamma stund, hefir það sýnt lofsverðan áhuga um margt það, er aukið geti hróður hesta vorra bæði utanlands og innan. Sterkasti þátturinn í þessari starfsemi eru kappreiðar þær, sem fjélagið efnir árlega til á skeiðvelli þeim, sem það hefir látið gera inni við Elliðaár, og kostar nú um 12 þús. kr., og er þó hvergi nærri fullgerður enn. En kappreiðarnar telur fjélagið að geti orðið til þess að auka verðmæti íslenskra hesta og að vekja eftirtekt á þeim erlendis, er það spyrst með sannindum, hver hinn raunverulegi hraði þeirra sje. En um þennan hraða verður ekki vitað með vissu fyr en hestar fást sem víðast að af landinu til þess að keppa, en til kappreiðanna sækja menn ekki með hesta sína úr fjarlægum sveitum nema til álittegrar upphæðar sje að vinna. Fjélagið hóf kappreiðarnar með því að greiða 300 kr. í verðlaun, en hefir orðið að lækka þau stundum niður í 200 kr. vegna getuleysis síns. Þrátt fyrir það hefir þó fjélagið greitt í verðlaun 7315 kr. á þessum 5 árum, sem það hefir starfað.

Aðaltekjur sínar hefir fjélagið af því að selja aðgöngumiða að kappreiðunum. En vegna þess, hvernig áhorfendasvæðinu er enn fyrir komið, hefir fjöldi manna komist þangað inn án þess að hægt hafi verið að ná gjaldi af þeim. Hefir því aðgöngumiðasalan gefist ærið misjafnlega.

Með því að fá leyfi til þess að reka veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðarnar hefir fjélagið von um að auka svo tekjur sínar, að hækka megi verðlaunin upp úr því, sem þau voru í öndverðu sett, og geta á þann hátt náð betur tilgangi sínum.

Annars er þetta fjélag áhugasamt og vill mörgu góðu til leiðar koma. Það hefir undanfarið bæði styrkt reiðveginn með fjárframlögum og annast um gæslu á flestum reiðhestum bæjarmanna yfir sumartímann. Auk þess hefir það á þrjónunum að koma upp nýtisku hesthúsi hjer í bænum, þar sem bæjarmenn geta fengið 50–60 hesta sína fóðraða fyrir lægra verð en nú tíðkast á meðan hver þotat sjer.